



Alþingi, nefndarsvið
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 29. nóvember 2018

R2018110024/12.8.4

Kt. 420169-3889

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og fleiri lögum (fyrirkomulag innheimtu) – 302 mál – þskj. 350.

Ríkisskattstjóri hefur þann 16. nóvember 2018 móttengið tölvupóst þar sem óskað er eftir umsögn um framangreint frumvarp. Telur embættið af því tilefni ástæðu til að vekja athygli á eftirfarandi atriðum:


Frumvarp fjármála- og efnahagsráðherra var samið í framhaldi af vinnu nefndar ráðherra um aukna skilvirkni í skattframkvæmd, álagningu og innheimtu opinberra gjalda. Átti ríkisskattstjóri fulltrúa í nefndinni, auk þess sem frekara samráð var haft við embættið á meðan samning frumvarpsins stóð yfir. Hefur embættið því þegar komið á framfæri ýmsum sjónarmiðum sínum um þær ráðstafanir sem frumvarp þetta tekur til, og endurspeglast afstaða embættisins að nokkru leyti í frumvarpstextanum.


Ríkisskattstjóri telur vænleg þau tækifæri til hagræðingar sem fyrirsjáanlega muni hljóta af tilfærslu á innheimtu opinberra gjalda frá tollstjóra til ríkisskattstjóra. Með samfelldum ferli skattlagningar og innheimtu skapast miklir möguleikar á samþættingu verkefna, og mun breytingin geta haft í för með sér margs konar samlegðaráhrif. Má þar nefna umtalsverða möguleika á samnýtingu og aukinni þróun ýmissa upplýsingatæknikerfa, sem og á breytingum og endurbótum á verkferlum, sem muni á margan hátt leiða til lægri rekstrarkostnaðar skattkerfisins í framtíðinni. Sömuleiðs mun aukin tækni og samhæfing leiða af sér skilvirkari þjónustu við viðskiptamenn ásamt því að hafa í för með sér réttari upplýsingar, og að sama skapi traustari tekjuöflun hins opinbera. Þá muni breyting þessi skapa margvísleg tækifæri fyrir starfsmenn til starfsþróunar, hvort heldur lítið er til eðlis verkefna þeirra eða framkvæmdar, og muni bæði starfsmenn sjálfir og embættið í heild njóta ávinningsins af því.

Vert er að vekja athygli á því að samkvæmt frumvarpinu er lögnum ætlað að taka gildi 1. janúar 2019 og er því tími til undirbúnings farsælli framkvæmd laganna frá og með gildistökudegi í það allra knappasta.

Að öðru leyti en að framan greinir gerir ríkisskattstjóri ekki athugasemdir við efni frumvarps þessa.

Virðingarfyllt


Snorri Olsen


Ingvar J Rögnvaldsson